



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafræna vegferð Reykjavíkurborgar

Á fundi stafræns ráðs þann 28. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa flokksins, sbr. 15. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um á hvaða þáttum/lausnum stafrænnar vegferðar Reykjavíkurborgar er að skara fram úr og er þá aðallega vísað til þess sem fram kemur í ávarpi sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs í ársskýrslu sviðsins. Einnig er óskað eftir upplýsingum á hvaða sviðum stafrænnar þróunar er þjónustu- og nýsköpunarsvið leiðandi á heimsvísu? Að hvaða leyti hefur er stafræn umbreytinga menningarbreyting eins og fullyrt er í ársskýrslu og hvernig er slík menningarbreyting framkvæmd og árangur mældur? Hvað þýðir þetta nákvæmlega þarf að skýra ekki síst í ljósi þess að stafræn umbreyting er yfirleitt talin krefjast breytts verklags sem óhjákvæmilega verður í kjölfar þeirra breytinga.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 30. ágúst 2024.

Svar:

- Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um á hvaða þáttum/lausnum stafrænnar vegferðar Reykjavíkurborgar er að skara fram úr og er þá aðallega vísað til þess sem fram kemur í ávarpi sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs í ársskýrslu sviðsins. Einnig er óskað eftir upplýsingum á hvaða sviðum stafrænnar þróunar er þjónustu- og nýsköpunarsvið leiðandi á heimsvísu?*

Í ávarpi því sem vísað er til í fyrirspurn Flokks fólksins segir „Reykjavík er ekki lengur eftirbátur annarra hvað varðar tækni og hagnýtingu hennar heldur er komin í forystuhlutverk hvort sem innanlands eða utan.“ Með þessu er t.d. átt við að Reykjavíkurborg hefur náð mjög góðum árangri í því að nýta tækni og þróa stafrænar lausnir til að bæta þjónustu sína. Borgin var ein fyrsta skipulagsheild landsins til að innleiða hugmyndafræði um stafræna leiðtoga í starfsemi sína og í kjölfarið hafa margar opinberara stofnanir og fyrirtæki fylgt eftir. Þetta á einnig við í stærra samhengi þegar litið er til samanburðarborga erlendis. Þetta má m.a. sjá af fjölda þeirra fyrirspurna um kynningar og



Þekkingarheimsókna borgin hefur fengið vegna þessa. Verkefni og aðferðarfræði Reykjavíkurborgar í stafrænni umbreytingu hafa þannig vakið mikla athygli á heimsvísu og var verkefnið „Betri borg fyrir börn“, sem er unnið var m.a. innan samstarfssamnings við Bloomberg Philantropies um stafræna vegferð Reykjavíkurborgar, t.d. tilnefnt til Seoul Smart City Prize 2024 og er komið í undanúrslit, en verðlaunin verða veitt 10. október 2024. Seoul Smart City Prize eru veitt í samstarfi við World Smart Sustainable Cities Organization (WeGO) og eru mikils metin á heimsvísu. Val Bloomberg Philantropies á Reykjavík sem annarri af tveimur borgum Evrópu í stafrænt samstarf talar einnig sínu máli. Það er þannig óumdeilt að Reykjavík stendur langsamlega best af sveitarfélögum landsins þegar kemur að framþróun í stafrænum lausnum, hagnýtingu tækni og öflugum og nútímalegum tækniinnviðum og er leiðandi á þessu sviði.

2. *Að hvaða leyti hefur er stafræn umbreytinga menningarbreyting eins og fullyrt er ársskýrslu og hvernig er slík menningarbreyting framkvæmd og árangur mældur? Hvað þýðir þetta nákvæmlega þarf að skýra ekki síst í ljósi þess að stafræn umbreyting er yfirleitt talin krefjast breytts verklags sem óhjákvæmilega verður í kjölfar þeirra breytinga.*

Í ársskýrslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs 2023, sem fulltrúi Flokks fólksins vísar í, er lögð áhersla á að tækni ein og sér sé einskis virði nema hún bæti líf fólks. Menningarbreytingin felur í sér breytt hugarfar, samskipti og vinnulag sem þarf að innleiða á öllum stigum borgarstarfseminnar. Menningarbreytingin í stafrænni umbreytingu er framkvæmd með því að greina tækifæri til umbóta í starfsemi borgarinnar, kortleggja ferla og stuðla að einföldun og hagræðingu. Reglubundin samtöl við stjórnendur og virkt samtal á milli fagsviða borgarinnar eru einnig lykilþættir í að ná fram þessum breytingum. Mælingar á árangri eru m.a. gerðar í gegnum mannauðsmælingar og bættri framleiðni þar sem stafrænar lausnir hafa verið innleiddar. Stafræn umbreyting er því fyrst og fremst þjónustu- og menningarbreyting sem hefur áhrif á bæði fólk og innviði. Sú menningarbreyting sem vísað er í snýst þannig um breytt vinnulag og breytta hugsun hjá starfsfólki og breytta nálgun við hönnun þjónustu.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri